



UST

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun, Pósthólfur 1, Reykjavík

• Símanúmer: 570 99 10

• Netfang: [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)

• Vefsíða: [ust.is](http://ust.is)

• Faxnúmer: 570 99 10

• Netfang: [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)

• Netfang: [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)

Hjörleifur Guttormsson  
Vatnsstíg 21  
101 Reykjavík


Reykjavík, 6. október 2006  
Tilvísun: UST20060100068/sög

### Beiðni um aðgang að gögnum

Umhverfisstofnun vísar til beiðni um aðgang að gögnum varðandi afgreiðslu Umhverfisstofnunar á umsókn sem barst stofnuninni um að taka hrafntinnu úr Hrafninnuskeri sem stofnuninni barst í dag.

Það er ákvörðun stofnunarinnar að verða við beiðninni á grundvelli upplýsingalaga nr. 50/1996.

Virðingarfyllt

  
Sigurður Örn Guðleifsson, hdl.

TB

54.55

UST20060800053

Línuhönnun hf.  
Ari Trausti Guðmundsson  
Suðurlandsbraut 4a  
108 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24  
15 - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 22. september 2006

Tilvisun: UST20060900083/1b

20060800053

### Efni: Leyfi til að taka hrafntinnu úr Hrafntinnuskeri

Vísað er í tölvupóst frá Gunnari Torfasyni, Verkfræðistofu G. Torfasonar ehf, dagsettum 19. september sl., þar sem óskað er eftir leyfi til að vinna 50 tonn af hrafntinnu úr Hrafntinnuskeri til viðgerða á Þjóðleikhúsinu.

Þann 20. september fór Umhverfisstofnun, Trausti Baldursson, ásamt fulltrúa Náttúrufræðistofnunar Íslands, Kristjáni Jónassyni og fulltrúum Flugbjörgunarveitarinnar á Hellu, Hákonu Bjarnasyni og Garðari Þorfinnssyni í vettvangsferð á Hrafntinnusker í friðlandi að Fjallabaki til að kanna hvort ásættanlegt væri að taka hrafntinnu úr Hrafntinnuskeri og ef svo væri hvar það væri mögulegt. Gert er ráð fyrir að Flugbjörgunarveitin á Hellu taki að sér að vinna hrafntinnuna úr Hrafntinnuskeri. Einnig var skoðað með hvaða hætti væri heppilegast að taka hrafntinnu bæði hvað varðar aðkomu að svæðinu, vinnsluáferð og frágang. Reynt var að meta magn hrafntinnu á fermeter. Svæðið sem var skoðað var merkt inn með GPS tæki og var stærð þess áætluð u.þ.b. 200 m x 400 m, eða 80.000 m<sup>2</sup> = 8 hektarar. Áætlað efnismagn var á bilinu 2,5 kg/m<sup>2</sup> til um 5 kg/m<sup>2</sup>. Ef miðað er við 5 kg/m<sup>2</sup>, þá gæti heildarmagn á umræddu svæði verið um 400 tonn. Ef miðað er við að taka um 2,5 kg/m<sup>2</sup> þarf að vinna á svæði sem er um 2 hektarar.

Umhverfisstofnun telur Þjóðleikhúsið vera mikilvægan hluta af menningararfi Þjóðarinnar og telur eðlilegt að við viðgerð á húsinu sé reynt að færa það í sem upprunalegast horf. Umhverfisstofnun vill hins vegar benda á að hrafntinna í hæsta gæðaflokki er fágæt bæði á landsvísu og heimsvísu og náttúruverndargildi hennar hátt af þeim sökum. Stofnunin telur því að ekki sé hægt að gera ráð fyrir að hægt verði að taka/vinna hrafntinnu t.d. úr Hrafntinnuskeri í framtíðinni ef að vernda á þessa sérstöku bergtegund sem bæði er fágæt og hefur mikið sjónrænt gildi sökum hins svarta gljáandi litar síns.

Í ljósi fyrri athugana Náttúrufræðistofnunar Íslands á vinnanlegu magni af hrafntinnu og framangreindrar vettvangsferðar og með vísan í auglýsingu nr. 354/1979 og 38. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 hefur Umhverfisstofnun ákveðið að veita leyfi fyrir töku á 50 tonnum af hrafntinnu af Hrafntinnuskeri með eftirfarandi skilyrðum:

1. Aðeins er heimilt að taka 50 tonn af hrafntinnu af Hrafntinnuskeri.
2. Aðeins er heimilt að vinna innan þess svæðis sem merkt er inn á meðfylgjandi kort með


GPS punktum, sjá fylgiskjal 1.

3. Miða skal við að vinna aðeins á um 2 hekturum lands innan þess svæðis sem tilgreint er í lið 2 hér á undan. Hrafninn á umræddu svæði er misdreifð um það og hún sumstaðar í „haugum“ með þó nokkuð stórum steinum en annarsstaðar dreifðari og steinar minni. Umhverfisstofnun vill að verkið sé unnið á þann hátt að taka ekki alla hrafninn þar sem hún er í miklu magni en reyna þó að miða við að vinna aðeins á 2 hekturum. Gefi svæðið minna magn en 50 tonn með þessari aðferð telur stofnunin rétt að þaultína svæðið (2 hektara) frekar en að fara inn á ný svæði. Umhverfisstofnun telur best að byrja að tína á því svæði sem liggur næst skála FÍ á Hrafninnuskeri og í átt að brún þess til norðurs.
4. Óheimilt er að aka á vélknúnum ökutækjum að vinnslusvæðinu nema eftir slóða sem merktur er inn á fylgiskjal 2.
5. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við að notuð séu sexhjól á svæði því sem merkt er inn á fylgiskjal 1 þó með þeim takmörkunum að aðeins skal aka sexhjólum á viðkomandi vinnslusvæði, þ.e. á þeim 2 hekturum sem takmarkið er að vinna á. Umhverfisstofnun gerir heldur ekki athugasemd við fyrir sitt leyti að sexhjól séu notuð til að flytja hrafninn eftir slóða sem merktur er inn á fylgiskjal 2.
6. Umhverfisstofnun setur það skilyrði að rakað sé yfir alla slóða á vinnslusvæðinu og annað rask lagað eins og kostur er og að önnur umgengni verði með þeim hætti að ekki verði meira rask en nauðsynlegt er.
7. Umhverfisstofnun heimilar aðeins að hrafninn sé tínd með höndum og hún flutt á sexhjólum að flutningstækjum.
8. Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að Flugbjörgunarsveitin á Hellu vinni framangreint verk eins og komið hefur fram í samtali við fulltrúa sveitarinnar og Gunnar Torfason. Umhverfisstofnun felur fyrir sitt leyti forsvarsmönnum Flugbjörgunarsveitarinnar á Hellu (þeim Hákon Bjarnasyni og Garðari Þorfinnssyni) að hafa umsjón með verkinu fyrir sína hönd og telur því ekki nauðsynlegt að senda eftirlitsmann frá stofnuninni til að hafa eftirlit með verkinu. Umhverfisstofnun gerir þetta þó með þeim skilyrðum að hún fái skýrslu um verkið þar sem m.a. eru sýndar myndir af efnistöðum fyrir og eftir vinnslu. Stofnunin áskilur sér einnig allan rétt til fara í eftirlitsferð og skoða aðstæður á vettvangi á kostnað vinnsluhafa.

Umhverfisstofnun bendir á að jafnframt þarf að leita leyfis Rangárþings ytra og forsætisráðuneytisins.


Virðingarfyllt

  
Trausti Baldursson


  
Arni Bragason

Afrit: Rangárþing ytra, Verkfræðistofa G. Torfasonar ehf, Forsætisráðuneytið Páll Þórhallsson, Náttúrufræðistofnun Íslands  
Meðf: Fylgiskjal 1 sem sýnir vinnslusvæði, fylgiskjal 2 sem sýnir slóða að vinnslusvæði, myndir af vinnslusvæði, GPS punktar (einnig í tölvupósti).

7. 1990. 10. 10.





Áfgrískja 16.



# Fylgiskjal 2

Ca. minnslusvæði





UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

tel. (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Línuhönnun hf  
Ari Trausti Guðmundsson  
Suðurlandsbraut 4a  
108 Reykjavík

Reykjavík, 15. september 2006

Tilvísun: UST20060800053/áb

### Hrafnitna á Þjóðleikhúsið.

Umhverfisstofnun vísar til fyrri bréfa um nám á hrafnitnu úr Hrafnitnuhrygg til notkunar á Þjóðleikhúsið.

Umhverfisstofnun veitti jákvæða umsögn um málið 17. ágúst 2006 og benti á að stofnunin er ekki leyfisveitandi á svæðinu eftir að lög nr. 97/2004 um vöndun Mývatns og Laxár tóku gildi og vísar stofnunin þeim þætti til sveitarfélagsins og landeigenda. Hrafnitnuhryggur er innan eins af þeim svæðum sem Umhverfisstofnun leggur til að verði friðuð (samkvæmt náttúruverndarlögum) samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í fyrrgreindum lögum.


Umhverfisstofnun taldi að vel mætti vinna hrafnitnu í Hrafnitnuhrygg án þess að raska svæðinu mikið ef það er gert með þeim hætti eins og fram kom í minnisblaði Línuhönnunar. Eftir upplýsingar frá Náttúrufræðistofnun Íslands lagði Umhverfisstofnun til í bréfi 23. ágúst að málið yrði skoðað frekar því vinnanlegt magn á svæðinu var að þeirra áliti ekki í samræmi við mat Línuhönnunar.

Eftir frekari skoðun Náttúrufræðistofnunar á Hrafnitnuhrygg og eftir fund Náttúrufræðistofnunar, Línuhönnunar, Gunnars Torfasonar verkefnisstjóra og Umhverfisstofnunar 15. september um málið er lagt til að fylgt verði minnisblaði Línuhönnunar um söfnun á hrafnitnu úr Hrafnitnuhrygg. Erfitt er að meta hvort nægjanlegt magn næst á Hrafnitnuhrygg fyrr en söfnun fer í gang. Það sem uppá vantar er líklegt að safna megi á stað sem ásættanlegur getur talist frá náttúruverndarsjónarmiði í Hrafnitnuskeri nálægt vegslóða að skála Ferðafélags Íslands.

Virðingarfyllst

Árni Bragason

Afrit: Skútustaðahreppur, Landeigendafélag Reykjahlíðar, Umhverfisráðuneytið,  
Náttúrufræðistofnun Íslands



**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Island

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Línuhönnun hf  
Ari Trausti Guðmundsson  
Suðurlandsbraut 4a  
108 Reykjavík

Reykjavík, 23. ágúst 2006

Tilvisun: UST20060800053/tb

### **Efni: Hraftinnunám-Hraftinnuhrygg**


Umhverfisstofnun gaf umsögn um hraftinnunám úr Hraftinnuhrygg með bréfi til Línuhönnunar dags. 17. ágúst sl. með afriti til Skútustaðahrepps og umhverfisráðuneytis. Umsögn stofnunarinnar byggði fyrst og fremst á minnisblaði Ara Trausta Guðmundssonar fyrir Línuhönnun dags. 29. júlí sl. og taldi stofnunin að vel mætti vinna hraftinnu úr Hraftinnuhrygg án þess að raska svæðinu mikið ef það yrði gert með þeim hætti sem fram kemur í minnisblaði Ara Trausta.

Umhverfisstofnun bárust í gær 22. ágúst nýjar upplýsingar frá Náttúrufræðistofnun Íslands, um að vinnanlegt magn hraftinnu í Hraftinnuhrygg sé líklega ekki nægjanlega mikið.

Upplýsingum frá Línuhönnun og Náttúrufræðistofnun Íslands ber ekki saman og telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að málið verði kannað frekar af þessum aðilum áður en endanleg ákvörðun um vinnslu verður tekin.


Virðingarfyllt

  
Ari Bragason

  
Trausti Baldursson

Afrit: Skútustaðahreppur, Landeigendafélag Reykjahlíðar, Umhverfisráðuneytið Magnús Jóhannesson, Náttúrufræðistofnun Íslands,





UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Línuhönnun hf  
Ari Trausti Guðmundsson  
Suðurlandsbraut 4a  
108 Reykjavík

Reykjavík, 17. ágúst 2006


Tilvisun: UST20060800053/tb


### Efni: Hrafninnunám-Hrafninnuhrygg

Við er í tölvupósta frá Línuhönnun, dags. 3. og 15. ágúst sl., og í meðfylgjandi minnisblað, dags. 29. júlí 2006, þar sem lýst er hugsanlegu hrafninnunámi í Hrafninnuhrygg. Í minnisblaðinu er lýst hvernig megi komast á svæðið og hvernig fyrirhugað sé að standa að vinnu við töku á hrafninnu. Engin kort eða myndir fylgdu með minnisblaðinu en myndir voru sendar sérstaklega með tölvupósti 17. ágúst. Í minnisblaðinu er talað um að vinna 50 tonn en ekki kemur fram hvort það sé hámarksvinnsla og að ekki verði unnið meira efni eftir að því er náð. Í tölvupósti frá 15. ágúst sl. er spurt hvort Umhverfisstofnun geri athugasemdir við erindið og hvort framkvæmdin sé leyfð samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslum.

Umhverfisstofnun vill benda á að stofnunin er ekki leyfisveitandi á svæðinu eftir að lög nr. 97/2004 um vöndun Mývatns og Laxár tóku gildi og visar stofnunin þeim þætti til sveitarfélagsins og landeigenda. Hrafninnuhryggur er innan eins af þeim svæðum sem Umhverfisstofnun leggur til að verði friðuð (samkvæmt náttúruverndarlögum) samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í fyrrgreindum lögum. Umhverfisstofnun telur að vel megi vinna hrafninnu í Hrafninnuhrygg án þess að raska svæðinu mikið ef það er gert með þeim hætti eins og kemur fram í framangreindu minnisblaði. Það er þó eðlilegt að mati stofnunarinnar að námið sé endurskoðað að ákveðnum tíma liðnum til að skoða hvernig til hefur tekist. Einnig bendir stofnunin á að vegir á svæðinu (samkvæmt myndum, ekki var farið í vettvangsferð af hálfu UST) virðast vera að hluta slóðar sem hafa verið gerðir án leyfis og því gæti verið um akstur utan vega að ræða. Umhverfisstofnun telur því rétt að vegir að vinnslusvæði séu settir á skipulag til þess að ekki komi til ágreiningur um að hvort verið sé að aka utan vega eða ekki. Einnig vill Umhverfisstofnun benda á að ef um er að ræða efnistöku sem samanlagt nær ákveðnum mörkum (1. viðauki 50.000 m<sup>3</sup> og 2. viðauki 25.000 m<sup>3</sup>, sjá einnig magntölur í lögum) þarf að skoða hana m.t.t. mats á umhverfisáhrifum. Það getur því skipt máli hvort eingöngu á að taka 50 tonn á 16.000 fermetrum í sérstakt verkefni eða ekki, sjá minnisblað.

Virðingarfyllst,

  
Trausti Baldursson

  
Ami Bragason

Afrit: Skútustaðahreppur, Magnús Jóhannesson umhverfisráðuneytinu